

Reikningur

fyrir styrktarsjóð lyfsala E. Tvede frá mars 1911 til mars 1912.

Tekjur.

Höfuðstóll styrktarsjóðsins í Söfnunarsjóði	kr,	1011 96
Vextir 1911	—	46 04
	Samtals kr.	1058 00

Gjöld:

Útborgað Hugborgu Bjarnadóttur	kr.	44 88
Höfuðstóll	—	1013 12
	Samtals kr.	1058 00

Reykjavík, mars 1912.

P. O. Christensen.

Firmitilkynningar.

Samkvæmt lögum 13. nóvember 1903, um verslanaskrár, firmu- og prókúruumboð, hafa eftirgreind firmu og breytingar á firmum verið tilkynnt til innfærslu á verslanaskrár landsins.

I. Reykjavík.

1. Í dag hefi eg undirritaður J. J. Setberg gengið úr firmanu »Eyvindur Árnason og Jón Setberg«, en eg meðundirritaður Eyvindur Árnason held atvinnunni áfram undir mínu nafni, en óbreyttu að öðru leyti, og með ótakmarkaðri ábyrgð fyrir mig.

Reykjavík, 25. janúar 1912.

J. J. Setberg. Eyv. Árnason.

2. Eg undirritaður Ólafur G. Eyjólfsson í Reykjavík, tilkynni hjermeð, að eg rek með ótakmarkaðri ábyrgð umboðsverslun (agentur) hjer í bænum frá 1. janúar þ. á, með firmanafninu Ó. G. Eyjólfsson & Co. Samfjlagi minn (Kom-